

Guð er alls staðar

21. tími




Tilgangur:

Guð veit allt og sér allt. **Hann hlustar á okkur og elskar okkur.**

Hafið þið séð stjörnur? Hvar eru stjörnurnar? Getum við talið allar stjörnurnar?

Vitið þið hvað sólin er stór? Og jörðina? Og pláneturnar?

Horfið á þessu mynd, Hver hefur skapað allt þetta?




Vitið þið hvað jörðin er stór? Og hversu mörg lönd eru það?



Og hvar er Ísland?

Hve margar manneskjur búa á Íslandi?



Við erum svo smá. Guð er mikill, ómælanlega mikill: „*Jafnvel himinninn og himnar himnanna rúma þig ekki*“ (1Kon 8.27).

Ómælanlega : þýðir að við getum ekki mælt... svona er Guð risastór...

Þess vegna er Guð nálægur á himni, á jörðu og alls staðar.

Höfundur *Sálmanna* hrópar: „Hvert get ég farið frá Anda þínum, hvert flúið frá augliti þínu? Þótt ég stigi upp í himininn, þá ertu þar. Þótt ég gjörði undirheima að hvílu minni, sjá, þú ert þar. Þótt ég lyfti mér á vængi morgunroðans og settist við hið ysta haf, einnig þar mundi hönd þín leiða mig og hægri hönd þín halda mér. Og þótt ég segði: ‘Myrkrið hylji mig og ljósið í kringum mig verði nótt,’ þá myndi þó myrkrið eigi verða þér of myrkt...“ (*Sálm* 139.7 – 12).

Hvað haldið þið ef ég fel mig undir borðinu ... getur Guð þá séð mig? JÁ
Ef ég fer inn í helli þar sem er kolniðamyrkur... getur Guð þá séð mig? JÁ

Vinir okkar geta hvatt okkur til að fara á ákveðna staði og gera ákveðna hluti. Við gætum haldið að ef foreldrar okkar vita það ekki, þá líður okkur vel. En Guð er alls staðar og hann mun vita það. Stundum reynum við að fela það sem við höfum gert rangt eða við reynum að fela okkur fyrir foreldrum okkar þegar við vitum að við höfum hagað okkur illa. Þó að það

gæti verið staður þar sem foreldrar okkar finna okkur ekki, þá er enginn staður til, þar sem við getum falið okkur fyrir Guði.

Við getum aldrei falið okkur fyrir Guði... og ef við verðum einhvern tíma alein í lífinu... þá erum við í raun og veru... samt aldrei alein! Guð er alltaf með okkur... að passa okkur, að hugsa til okkar...

„Geta foreldrar ykkar verið í tveimur herbergjum á sama tíma? Getur kennarinn ykkar verið alls staðar í herberginu á sama tíma, til að hjálpa öllum?“


Guð okkar er alls staðar og getur hjálpað okkur hvar sem við erum.

Þegar okkur finnst við vera alein, til dæmis á kvöldin eða jafnvel í skólanum, þá er Guð alltaf með okkur til að hjálpa okkur. Það er alveg sama hvar við erum, við getum alltaf beðið til Guðs. *Leyfðu börnunum að nefna staði á jörðinni sem þau hafa heimsótt og spurðu þau hvort Guð megi heyra bænir þeirra þar.*

Segðu sögu Daníels í 3. kafla. Jafnvel þegar við erum í aðstæðum þar sem enginn getur hjálpað okkur, þá er Guð með okkur til að hjálpa okkur.


Ef við erum lifandi núna er það af því að Guð er að hugsa til okkar... við getum ekki einu sinni bætt einni sekúndu við líf okkar.

En ég hef eina spurningu í viðbót ... getur Guð séð það sem ég er að hugsa? Já. Guð getur séð hvað þú hugsar...



Þótt ég stigi upp í
himininn, þá ertu þar!

Þú ert þar!
Sálm 139, 7 - 12.




Þótt ég gerði
undirheima að hvílu
minni, þá ertu einnig
þar!



og settist við
hið ysta haf



Þótt ég lyfti mér á
vængjum morgunróðans



Og þótt ég segði: „Myrkrið hylji mig
og ljósið í kringum mig verði nótt.“



Þá mundi myrkrið eigi verða þér of
myrkt
og nóttin ljúsa eins og dagur,
myrkur og ljós eru jöfn fyrir þér



Hvert get ég farið frá anda
þínum,
hvert flúið frá augliti þínu?



einu þú mundi hönd
þín leiða mig
og hægri hönd þín halda
mér.

Syngjum saman!

STJÖRNUR OG SÓL

– 1 –

Stjörnur og sól, blómstur og börn,
já, vindinn og vötn, allt gerði Guð.
Himinn og jörð hans eru verk.
Drottinn, við þér viljum þakka.
Drottinn, við þökkum þér.
Þig einan tignum við.
Herra, við lofum þitt heilaga nafn.

– 2 –

Jesús, Guðs son, lifði og lét
sitt líf fyrir menn, alla sem einn.
Lifandi' í dag dvelur hann hér.
Drottinn, við þér viljum þakka.
Drottinn, við þökkum þér.
Þig einan tignum við.
Herra, við lofum þitt heilaga nafn

– 3 –

Andi Guðs einn, helgur og hlýr,
nú huggar sem fyrr, uppfræðir enn,
vegsamar Guð dag eftir dag.
Drottinn, við þér viljum þakka.
Drottinn, við þökkum þér.
Þig einan tignum við.
Herra, við lofum þitt heilaga nafn.

TIKKI, TIKKI TA

∴ Tikki, tikki ta, tikki, tikki ta,
tikki, tikki, tikki, tikki ta. ∴
∴ Alla daga' og allar nætur
augu Jesú vaka yfir mér. ∴

Texti: Höfundur ókunnur

Lag: Höfundur ókunnur